

Menntamálaráðuneytið  
Lilja Dögg Alfreðsdóttir ráðherra  
Sölvhólsgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. ágúst 2020

### Efni: Nálægðartakmörkun í fræðslustarfsemi

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til auglýsingar heilbrigðisráðherra nr. 792/2020, sem tók gildi 14. ágúst. Með henni var reglum um nálægð milli einstaklinga í sóttvarnarskyni breytt þannig að í „leikskónum, grunnskónum, framhaldsskónum og háskónum“ sé heimilt að hafa einn metra á milli einstaklinga fæddra fyrir árið 2005, án þess að andlitsgrímur séu notaðar, í stað tveggja metra fjarlægðar sem almennt gildir. Í framhalds- og háskónum skal sótthreinsa sameiginlegan búnað og snertifleti a.m.k. einu sinni á dag og þar skal jafnframt lögð áhersla á einstaklingsbundnar sóttvarnir. Þessi nýja regla er sett fram í 5. grein auglýsingar heilbrigðisráðherra nr. 792/2020, sem tók gildi 14. ágúst.

Í minnisblaði sóttvarnalæknis frá 12. ágúst sl. segir: „Rannsóknir hafa sýnt að við eins metra fjarlægð á milli einstaklinga (sýkts og ósýkts) á minnka líkur á smiti 5-falt. Við hvern metra umfram einn meter þá minnka líkur á smiti 2-falt að auki. Þannig getur eins metra nándarreglan gilt við vissar aðstæður enda er hún notuð hjá nokkrum þjóðum. Eins metra nándarreglan skv. mínum tillögum á í fyrstu einungis að gilda um skólastarf en gæti orðið innleidd á aðra staði/starfsemi síðar.“

Á vegum ýmissa félagsmanna FA, einkarekinna fræðslufyrirtækja, er rekin starfsemi sem að flestu leyti er sambærileg við skólastarf á háskóla- eða framhaldsstigi, þ.e. fullorðinsfræðsla og þjálfun, sem er mikilvægur hluti af menntakerfi landsins. Kennsla fer fram í kennslustofum þar sem kennt er í hópum sem gjarnan eru 20-30 manns. Tveggja metra reglan hefur torveldað mjög starfsemi þessara fyrirtækja. Sé hún áfram látin gilda um starfsemi þeirra munu þau neyðast til að skipta hópum af þeirri stærð, sem vanalega er kennt í, niður í marga smærri hópa. Í mörgum tilvikum yrðu þau að leigja viðbótarhúsnæði með miklum tilkostnaði. Sé miðað við eins metra fjarlægð, verður það verkefni strax viðráðanlegra.

FA hefur frá því að auglýsingin birtist leitazt við að afla upplýsinga um hvort eins metra reglan verði látin gilda um þessa starfsemi jafnt og skólastarf í framhalds- og háskónum. Þess má geta að endurmenntunardeildir háskólanna veita þjónustu, sem er algjörlega sambærileg við starfsemi þessara félagsmanna FA og raunar í beinni samkeppni við hana, þ.e. fræðsla og þjálfun fullorðinna. Samkvæmt svörum, sem veitt hafa verið hjá endurmenntunardeildum, munu þær vinna samkvæmt eins metra reglunni.

Síðastliðinn þriðjudag, 18. ágúst, voru sóttvarnalækni sendar eftirfarandi spurningar:

1. Eru einhver ví sindaleg rök fyrir því að eins metra reglan ætti ekki að gilda um fullorðinsfræðslu og þjálfun rétt eins og kennslu í framhalds- og háskólum?
2. Er sóttvarnalæknir reiðubúinn að leggja til við stjórnvöld að eins metra reglan verði innleidd fyrir slíka starfsemi?
3. Endurmenntunardeildir háskólanna veita ýmsa þjónustu sem er algjörlega sambærileg og rekin í beinni samkeppni við þjónustu félagsmanna FA. Gildir eins eða tveggja metra regla um endurmenntunardeildirnar?

Svör hafa ekki boritz. Eins og áður sagði hafa endurmenntunardeildirnar hins vegar gefið þau svör, að þær vinni eftir eins metra reglunni.

Í gær, 19. ágúst, voru birtar á vef menntamálaráðuneytisins leiðbeiningar fyrir öll skólastig um framkvæmd sóttvarna í skólamálinum og útfærslu ofangreindrar auglýsingar. Þar er m.a. að finna „leiðbeiningar um starf skóla og fræðsluaðila sem kenna á framhaldsskólastigi“ og er þar kveðið á um eins metra fjarlægðarregluna. Tekið er fram að leiðbeiningarnar gildi um „framhaldsnám í tónlistarskólum, listdans, lýðskóla, framhaldsfræðslu og íslensku kennslu fyrir útlendinga sem styrkt er af mennta- og menningarmálaráðuneyti.“

Óljóst er af þessu orðalagi hvort eins metra reglan gildir um starfsemi ofangreindra félagsmanna FA. Félagið sendi upplýsingafulltrúa ráðuneytisins spurningu um gildissviðið og fékk eftirfarandi svar:

„Leiðbeiningarnar eru ætlaðar þeim fræðsluaðilum í framhaldsfræðslu sem hafa viðurkenningu á grundvelli laga um framhaldsfræðslu frá Menntamálastofnun og starfa að framhaldsfræðslu á grundvelli laga um framhaldsfræðslu. Vert er þó að áréttu að um er að ræða leiðbeiningar en ekki reglur. Almennt um starfsemi fræðsluaðila í framhaldsfræðslu fer eftir sem áður eftir auglýsingu um takmörkun á samkomum, nr. 792/2020, en við útfærslu á starfseminni má hafa umræddar leiðbeiningar til hliðsjónar.“

Félagið er litlu næri af þessum texta og fer þess vinsamlega á leit við ráðuneytið að það skýri nánar gildissvið leiðbeininganna og eftir atvikum auglýsingar heilbrigðisráðherra; gildir eins metra reglan í allri fræðslustarfsemi eða ekki?

FA vill ítreka að sú starfsemi, sem félagsmenn þess hafa með höndum, er á flesta lund sambærileg við starf í framhalds- og háskólum. Það getur ekki skipt máli, þegar sóttvarnaráðstafanir eru útfærðar, hvort viðkomandi starfsemi er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneyti eða ekki eða hvort hún hefur viðurkenningu frá Menntamálastofnun eða ekki. Sambærilegar reglur eru ekki sízt mikilvægar vegna þeirra jafnræðissjónarmiða er snúa að samkeppnisstöðu einkarekinna fræðslufyrirtækja gagnvart endurmenntunardeildum háskólanna.

Svör óskast hið fyrsta, enda undirbúa fyrirtækin sem í hlut eiga nú mikinn annatíma í starfsemi sinni.

Virðingarfyllst,

Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA

Afrít: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra  
Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir